

# SKÓLAREGLUR Sunnulækjarskóla

Sinum hlutverki okkar

Komum fram af kurteisi og virðum rétt annarra

Berum ábyrgð á eigum okkar og skólagögnum

## HEGÐUN

Við fáum ávallt eitt tækifæri til að bæta okkur í tíma ef kennari er ekki ánægður með hegðun okkar. Við leitum lausna til að laga það sem út af bregður og látum kennara vita hver leiðin er.

## SÍMAR OG TÓNLISTARSPILARAR

Við virðum vinnureglur um notkun á símum og tónlistarspilurum.


Það er ekki víst að það sé í boði fyrir okkur að nota síma og tónlistarspilara við vinnu í framtíðinni og nauðsynlegt að við lærum að virða það.

## ÚTIFÖT

Við notum fatahengið í skólanum til að geyma útifötin okkar. Ef við gleymum að fara úr útiskóm eða úlpum fáum við tækifæri til að fara með fötin okkar í fatahengið.

## GOSDRYKKIR, NAMMI OG TYGGJÓ

Við mætum ekki með gosdrykki, nammi eða tyggjó í skólann okkar. Það á við um kennslustundir og frímínútur, hvort sem við erum inni í skólanum eða úti á skólalóðinni.



**Við höfum öll ólíkar þarfir og lausn við vanda sem hentar einum er ekki endilega sú sama og hentar öðrum.**

# VIÐBRAGÐSÁÆTLUN EF ÚT AF BREGÐUR

## 1. Skref

Nemandi fær tækifæri til að bæta sig og finna lausn á vandanum. Mikilvægt er að nemandi geri sér grein fyrir hlutverki sínu í skólanum.

## 2. Skref

Ef vandinn er enn til staðar gerir kennari nemanda grein fyrir því að skráning verði gerð í Mentor til að gera foreldrum viðvart. Eftir atvikum ræðir kennari við nemanda í lok tíma um hugsanlega lausn.

## 3. Skref

Leysist vandamálið ekki í annarri tilraun er næsta skref að ganga til fundar með stjórnendum. Farið er yfir málið og nemanda leiðbeint til að finna ásættanlega lausn. Niðurstöður eru skráðar í Mentor.

Nemandi mætir ekki í næsta tíma fyrr en hann hefur fundið farsæla lausn og hitt þá aðila sem tengjast málinu.

## 4. Skref

Ef ekki tekst að leysa málið hjá stjórnendum er boðað til fundar með foreldrum og þeim er málið varðar. Á þessu stigi er líklegt að nemandi þurfi að skrifa undir samning sem gefur til kynna hvernig unnið verði úr málum næstu daga.

## ÓFRÁVÍKJANLEGAR GRUNDVALLARREGLUR

### Skýr mörk - Hegðun sem ógnar öryggi er óheimil

- Líkamlegt eða andlegt ofbeldi
- Barefli og önnur vopn
- Ávana- eða fíkniefni, þar með talið áfengi og tóbak

- Ögranir, óvirðing eða hótanir
- Skemmdarverk
- Áhættuhegðun
- Þjófnaður

### Hvað gerist ef ófrávíkjanlegar grundvallarreglur eru brotnar?

Ef ófrávíkjanlegar reglur eru brotnar er farið beint í 4. lið skólareglna. Nemandi er vísað til stjórnenda sem hafa samband heim og boða til fundar. Nemandi mætir ekki aftur í kennslustund fyrr en fundað hefur verið um málið með foreldrum og lausn fundin.

*Leggjum áherslu á gott upplýsingaflæði varðandi aðdraganda mála, úrvinnslu þeirra og lausna. Munum að í einstaklingsmiðuðum skóla er líklegt að til séu einstaklingsmiðaðar viðbragðsáætlanir fyrir nemendur. Þær ber að kynna vel fyrir starfsfólki skólans og þeim nemendum sem þær eiga við.*

# Ástundunareinkunn

## Verklagsreglur vegna ástundunar

<b>1</b>	<b><i>Umsjónarkennari/nemandi</i></b>
• 9 í ástundun	Umsjónarkennari gerir nemanda grein fyrir stöðunni.
<b>2</b>	<b><i>Umsjónarkennari/nemandi/foreldri</i></b>
• 7-8 í ástundun	Umsjónarkennari ræðir við nemandann og vekur athygli foreldra á stöðunni, með tölvupósti.
<b>3</b>	<b><i>Umsjónarkennari/nemandi/foreldri</i></b>
• 5-6 í ástundun	Umsjónarkennari boðar og heldur fund með nemanda og foreldri. Umsjónarkennari kynnir stjórnendum málið.
<b>4</b>	<b><i>Stjórnandi/umsjónarkennari/nemandi/foreldri</i></b>
• 3-4 í ástundun	Stjórnandi boðar nemanda og foreldri til fundar ásamt umsjónarkennara. Stjórnandi leggur málið fyrir nemendaverndarráð til kynningar og umfjöllunar.
<b>5</b>	<b><i>Skólastjóri/nemandi/foreldri</i></b>
• 1-2 í ástundun	Skólastjóri boðar nemanda og foreldri til fundar.  Leitað eftir aðstoð hjá sérfræðingum utan skóla enda hafa úrræði innan skólans ekki dugað til úrbóta.

- Nemendur í unglingsáttunda (8.-10. bekk) byrja með skólasóknareinkunnina 10 við upphaf hvern annar og engar skráningar í Mentor (fyrir utan skráningar í dagbók).
- Á tveggja vikna fresti birta umsjónarkennarar nemendum sínum stöðu þeirra þannig að hver og einn geti nákvæmlega fylgst með skólasóknareinkunn sinni og skráningarstöðu.
- Á viku fresti er foreldrum sent yfirlit um ástundun og hegðun nemenda.
- Allir nemendur geta sótt um hækkun skólasóknareinkunnar einu sinni á önn. Skólasóknareinkunn hækkar um 0,5 fyrir hverja viku sem skólasókn er óaðfinnanleg.
- Þeir nemendur sem sækja um hækkun gera það skriflega hjá umsjónarkennara sínum á þar til gerðum umsóknareyðublöðum.
- Ávallt skal unnið í anda uppbyggingarstefnunnar með það í huga að bæta hegðun nemanda, ábyrgð og áhuga á menntun og miða að því að styrkja sjálfsmynd hans.